

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason
Sendandi: Jakob Sigurður Friðriksson
Dagsetning: 24. maí 2018
Efni: **Elliðaárstöð - niðurstaða frumhönnunar**

Á samstæðufundi 6. júní 2018 var samþykkt að greina frekar hugmyndir um endurræsingu Elliðaárstöðvar. Á samstæðufundinum voru kynntar sviðsmyndir um framtíð Elliðaárvirkjunar, sem fólust annars vegar í hætta alfarið rekstri virkjunarinnar og hins vegar í uppsetningu á nýrri vélasamstæðu og endurnýjun núverandi fallpípu. Frumhönnun á seinni kostinum var sett af stað síðasta haust og voru ráðgjafar frá Mannviti og Verkís fengnir til verksins.

Frumhönnuninni er nú lokið með skýrslu ráðgjafanna í maí 2018, meðfylgjandi.

Helsta niðurstaðan er að skynsamlegt sé að byggja nýtt stöðvarhús við hlið núverandi húss, þó þannig að það sé neðanjarðar og skyggi ekki á núverandi byggingar sem hafa minjagildi.

Fjárfestingin er öllu meiri en gert var ráð fyrir í forathuguninni, eða 905 mkr. í stað 692 mkr., á móti kemur tvennt, annars vegar er áætlaður rekstarkostnaður lægri 21 mkr/ári í stað 40,7 mkr. og hins vegar er orkugetan hærri (þar með meiri tekjur) 7,2 GWst í stað 5,5 GWst.

Aukning í orkugetu skýrist fyrst og fremst af möguleika til rekstar virkjunarinnar á sumrin, en hingað til hefur virkjunin verið tekin úr rekstri frá 1. maí til 1. október ár hvert. Þá er búið er að draga frá orkugetunni lágmarksrennsli sem þarf til að viðhalda lífríkinu í ánum, en væntanlega þarf að bæta einhverju við að sumarlagi til að tryggja laxgöngu því er ekki við því að búast að orkugetan nái efri mörkunum, en þetta þarf að kanna betur með fræðingum.

Tveir kostir eru til skoðunar;

1. að hætta alfarið rekstri virkjunarinnar og fjarlægja fallpípu, eða
2. að byggja nýtt stöðvarhús, endurnýja fallpípu og hefja orkuframleiðslu.

Núvirt sjóðstreymi við fyrri kostinn er: - 465 mkr.

Núvirt sjóðstreymi við seinni kostinn er: - 449 mkr.

Kostnaður við sviðsmyndirnar er nánast sá sami.

Sjóðstreymisgreiningin gerir ráð fyrir því að dreifiveita rafmagns reki virkjunina og framleiði raforku upp í töp dreifiveitunnar, enda verða nettó árlegar tekjur af virkjuninni um 8 mkr. hærri en ef virkjunin væri rekin af öðrum aðila.